

Ísland á filmu:

staðbundin framburðartilbrigði / íslenskar mállýskur

Skoðaðu myndir og myndskreið á islandafilmu.is og reyndu að finna dæmi fyrir landshlutabundin framburðartilbrigði. Settu hlekkina að myndefninu sem þú finnur og nefndu dæmi um markorð fyrir hvert framburðarafrbrigði. Þú getur notað Íslandskortið en það getur líka verið gott að leita sérstaklega eftir staðarheitum og sýslum vegna þess að það er ekki búið að merkja inn á kortið allt myndefni sem er í boði á vefnum.

Norðlensk einkenni

- Harðmæli
- Raddaður framburður
- Ngl-framburður
- Bð-/gð-framburður

Suður- og suðausturlensk einkenni

- Hv-framburður
- Skaftfellskur einhljóðaframburður
- Rn/rl-framburður

Vestfirsk einkenni

- Vestfirskur einhljóðaframburður
- Vestfirsk áhersla

Austfirðir og Suðurnes (og víðar)

- Flámæli

Hvaða framburðarafrbrigði var auðvelt að finna dæmi fyrir og hvað ekki? Voru einhver afbrigði sem þú fannst engin dæmi fyrir? Hvers vegna heldur þú að það sé? Veltu því fyrir þér út frá félagsmálvísindalegum punkti, t.d. æskilegt og óæskilegt mál, upplestur og talmál, efri og neðri stéttir.

Umræðupunktur fyrir kennara: Það virðist ekki vera mikið (ef nokkuð) efni þar sem má heyra vestfirskan einhljóðaframburð eða flámæli. Það er vegna þess að flest myndskreiðin sem hafa tal hafa upplesara en ekki viðtöl við fólkið á staðnum. Það þótti óæskilegt að hafa flámæli og því kemur það ekki fram í máli upplesaranna. Hins vegar nutu norðlensk einkenni mikillar virðingar og því komu þau fram þar sem maður hefði viljað heyra t.d. vestfirsku, þar sem myndefnið var vestfirskt. Skaftfellingar létu gera ítarlegar myndir um líf og verkhætti í Skaftafellssýslum og var upplesarinn í þeim myndum Skaftfellingur sjálfur. Þar eru því mörg dæmi um hv-framburð og Skaftfellskan einhljóðaframburð að finna. Stundum kemur meira að segja fram hv-framburður í upplestri þó það sé ólíklega upplesaranum eðlislægt, enda þótti hann æskilegur framburður.

Hér eru nokkur myndskreið með máldæmum

- Grágæsamma og fleiri fuglar á Mývatni <https://www.islandpaafilm.dk/is/node/62249>
 - o Harðmæli og röddun: rjúpa, fálki
- Smalað í Önundarfirði <https://www.islandpaafilm.dk/is/node/62557>
 - o Harðmæli, röddun og bð-/gð-framburður: samt, brugðið, móti
- Vestfirskir sjómenn <https://www.islandpaafilm.dk/is/node/62397>
 - o Harðmæli, röddun og bð-/gð-framburður: gleymt, stefnt, selabyggðunum
- Verkmennung á Hornströndum <https://www.islandpaafilm.dk/is/node/62393>
 - o **Röddun og hv-framburður (!!), óvænt blanda: hverfa, fólk**
- Hrafnslaupur og arnarhreiður <https://www.islandpaafilm.dk/is/node/62243>
 - o Vestfirskur einhljóðaframburður? Svanginn... sennilega ekki
 - o Rn-framburður? Arnarhreiður
- Fýlatekja, kvöldvaka, samgöngur á sjó og fleira þegar leitað er *Skaftafell*
 - o Skaftfellskur einhljóðaframburður og hv-framburður